



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/423

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/38
komudagur 7.11. '97

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664

5. nóvember 1997.

Alþingi Íslendinga,
-allsherjarnefnd-
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík.

Efni: Um frumvarp til laga um lögmenn, 57. mál.

Með bréfi formanns allsherjarnefndar dags. 23. október s.l. var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Undirritaður þakkar nefndinni tækifærið að fá að tjá sig um málið. Á hinn bóginn verður í þeirri umsögn, sem hér fer á eftir, einvörðungu fjallað um þau atriði, sem snúa beint að váttryggingastarfseminni sem slíkri, þ.e. þau ákvæði frumvarpsins er taka á ábyrgð lögmanna og starfsábyrgðartryggingum í því sambandi.

1. Almenn.

Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um fébótaábyrgð lögmanna vegna starfa þeirra og skyldu til að hafa ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Í athugasemdum um þessa grein frumvarpsins segir orðrétt: "Eru tillögur frumvarpsgreinarinnar um flest með líkum hætti og fest var í lög með lögum nr. 24/1995 og þarfnast ekki frekari skýringa". Hér er vísað til núgildandi 7. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 24/1995. Sé frumvarpsgreinin borin saman við núgildandi lagaákvæði um sama efni kemur í ljós, að frumvarpið víkur í ýmsum atriðum frá gildandi lögum. Nægir í því efni að benda á niðurlag 2. mgr. 7. gr. laga, en þar er ráð fyrir því gert að leitað sé álits samtaka neytenda og váttryggingafélaga áður en reglur um tryggingaskyldu eru staðfestar af ráðherra. Slíku ákvæði er ekki til að dreifa í frumvarpinu.

2. Um 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á þessu ákvæði frumvarpsins, enda efni þess svo sjálfsagt, að vart þarf að taka það fram í lagatexta. Spurning er

þó, hvort ekki sé réttara að nota eintölu í stað fleirtölu varðandi bótaábyrgð, sem rakin verður til starfa starfsmanns lögmanns, og hljóði mgr. svo: **"Lögmáður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanns síns...."**. Í stað "starfsmanna sinna" komi þannig "starfsmanns síns".

3. Um 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Í þessari mgr. er fjallað um skyldu lögmanna til að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Jafnframt segir að fengnum tillögum Lögmannafélagsins geti ráðherra ákveðið að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Tryggingaskyldu á borð við þessa yrði jafnaðarlega fullnægt með váttryggingu eða í formi bankaábyrgðar. Orkar tvímælis í lögum að gera upp á milli þessara forma, enda hefur í sambandi við tryggingaskyldu ýmissa annarra stétta verið gætt jafnræðis að þessu leyti og "valfrelsi" tryggt. Því er lagt til, að 2. mgr. 25. gr. verði breytt og hljóði svo (lögmáður er hér hafður í eintölu, til samræmis við það sem frumvarpshöfundar gera í 1. mgr. 25. gr.): **"Lögmanni er skylt að hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns, sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanns hans. Til að fullnægja tryggingaskyldu þessari skal lögmáður kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi, sem starfsleyfi hefur hér á landi eða leggja fram ábyrgð, sem gefin er út af viðskiptabanka eða sparisjóði, sem starfsleyfi hefur hér á landi"**.

4. Um 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins.


Hér er ráð fyrir því gert, að ráðherra skuli að fengnum tillögum Lögmannafélagsins og umsögn Váttryggingaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar tryggingar og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. Þá er áréttað, að eigin áhætta/sjálfsáhætta váttryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hafi engin áhrif á stöðu þriðja manns. Að mati undirritaðs er fjölmargt við efni þessarar málsgreinar að athuga.

Hér er um að ræða neytendaverndarákvæði, sem fyrst og fremst er sett til hagsbóta viðskiptamönnum lögmanna. Eðlilegt er í alla staði, að hlutaðeigandi fagráðuneyti, þ.e. í þessu tilviki dómsmálaráðuneyti, móti í reglugerð fyllri reglur um tryggingaskylduna. Sá háttur er hafður á í sambærilegum tryggingum annarra stétta. Nokkra furðu vekur, að fulltrúi váttryggingartakanna einna, þ.e. Lögmannafélagið, eigi að móta tillögurnar um þessa neytendavernd, og að Váttryggingaeftirlitið, sem lögum samkvæmt á fyrst og fremst að fylgjast með því að váttryggingafélög starfi að lögum og á ekki að hafa áhrif á þróun váttryggingamarkaðarins sem slíks, eigi að veita umsögn um tillögurnar. Hins vegar er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir því, að leitað skuli eftir álit fulltrúa neytenda eða þeirra, sem veita eiga tryggingaverndina. Þá er með öllu óþarft að kveða á um hámark fjárhæðar

sjálfsáhættu váttryggingartakans. Öllu varðar í þessu sambandi, að eigin áhætta váttryggingartakans á ekki og má ekki hafa áhrif á bótarétt neytendans. Er enda á því tekið í frumvarpinu, þótt gera verði það á ótvíræðari hátt en í frumvarpinu, eins og síðar verður skýrt í umsögn þessari. Mjög orkar hins vegar tvímælis að hefða samningsfrelsi einstakra lögmanna við váttryggingafélög um sjálfsáhættu þeirra. Hér er um að ræða aðila í atvinnurekstri, sem eru fyllilega til þess bærir að meta sjálfir, hvort þeir vilji bera meiri eða minni eigin áhættu, og þar með að reyna hafa áhrif á iðgjöld, sem þeim verði gert að greiða. Engin rök eru nefnd fyrir því að takmarka samningsfrelsi aðila að þessu leyti með þeim hætti, sem hér er lagt til. Mestu varðar að sá, sem hefur orðið fyrir tjóni, fái það bætt úr tryggingunni. Væri fróðlegt að fá fyllri upplýsingar um það, hvað að baki þessu ákvæði býr. Loks ber að nefna sérstaklega lokamálslið þessa ákvæðis, en þar segir að sjálfsáhætta váttryggingartaka samkvæmt **tryggingarskilmálum** hafi engin áhrif á stöðu þriðja manns, þ.e. tjónþola. Algengast er, að fjárhæðar eigin áhættu sé ekki getið í tryggingaskilmálum, heldur í váttryggingaskírteini eða á iðgjaldskvittun. Að fjalla um eigin áhættuna í tengslum við tryggingarskilmálana eina saman eins og hér er gert í frumvarpinu, er því til þess fallið að valda ágreiningi og opna fyrir þá túlkun að í einhverjum öðrum tilvikum geti sjálfsáhætta lögmans haft áhrif á bótarétt tjónþola. Með vísan til alls framanritaðs er lagt til, að 3. mgr. verði breytt. Er við það miðað að dómsmálaráðherra í samræmi við góða stjórnsluhætti og raunar venjur, sendi öllum hlutaðeigandi, þ.e. fulltrúum lögmanna, fulltrúum þeirra sem veita eiga tryggingavermdina (váttryggingafélög, viðskiptabankar og sparisjóðir) og jafnvel ef þurfa þykir bankaeftirliti og váttryggingaeftirliti, til umsagnar reglugerð um tryggingaskyldu lögmanna áður en hún kemur til framkvæmda. Hljóði 3. mgr. 25. gr. svo: "**Dómsmálaráðherra skal með hliðsjón af hagsmunum viðskiptamanns lögmans og góðum venjum setja reglugerð um tryggingaskyldu lögmans skv. lögum þessum. Skal þar mælt fyrir um lágmark fjárhæðar váttryggingar eða ábyrgðar. Samningur um eigin áhættu lögmans má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags, viðskiptabanka eða sparisjóðs**".

Undirritaður er reiðubúinn að skýra málefnið frekar, skriflega eða á fundi nefndarinnar, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson